



Alþingi

Erindi nr. Þ 122 / 1539

komudagur 26.3.98

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

18.3.1998

97010028

ESJ/--

Vísað er til bréfs yðar dagsett 11. mars sl. þar sem frumvörp til laga um húsnæðismál, 507 mál, og byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, 508 mál eru send Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna til umsagnar.


Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna fagnar framkomnum lagafrumvörpum.

Í áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er út kom í október 1996 segir m.a. um húsnæðislánakerfið.

*"Umhugsunarvert er hve margir af umsækjendum Ráðgjafarstofu eru eigendur íbúða í félagslega íbúðakerfinu eða nærri fjórði hver umsækjandi. Félagsslegar eignaríbúðir eru aðeins um 7% íbúða landsmanna og því gefur þetta háa hlutfall meðal umsækjenda Ráðgjafarstofu til kynna að þörf sé á að athuga sérstaklega stöðu þessa hóps. Dæmin sýna að í mörgum tilvikum hafi verið ráðist í kaup á tvískyldum forsendum og augljóslega sé of langt seilst þegar veitt eru 100% lán til kaupanna. Að beina lágláunafólki í íbúðarkaup á veikum grunni getur verið ferð án fyrirheits og í slíkum tilvikum heppilegra að beina sjónum að leiguhúsnæði og húsaleigubótum. Full ástæða er til að endurskoða greiðslumatið í félagslega kerfinu og forsendur kaupa á félagslegum eignaríbúðum."*

Þess má geta að 30% Reykvíkinga sem leitað hafa aðstoðar Ráðgjafarstofu búa í félagslegum eignaríbúðum. Og ljóst er að vandi þeirra er mikill. Ráðgjafarstofa telur því afar brýnt að brugðist verði við þeim vanda sem við er að etja og tekur undir þau sjónarmið er fram koma fram í frumvörpum um húsnæðismál.

F. h. Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna,

  
Elín Sigrún Jónsdóttir, forstöðumaður.